

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

663. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 11. október 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Erindi Karls B. Örvarssonar og Halldóru Árnadóttur.
2. Erindi Hjördísar Óskar Óskarsdóttur.
3. Málefni Íþróttamiðstöðvar.
4. Rjúpnaveiði haustið 2010.
5. Fundur sveitarstjórnarmanna með alþingismönnum NV-kjördæmis.
6. Dagskrá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2010.
7. Ársfundur Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Karls B. Örvarssonar og Halldóru Árnadóttur dags. 28.09.2010 ósk um kaup á skólastjórabústað Barnaskólans að Reykjum. Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að afla upplýsinga sem málið varða.
2. Lagt fram bréf Hjördísar Óskar Óskarsdóttur, íþróttafraeðings um endurnýjun tækja í þrektækjasal íþróttamiðstöðvarinnar. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2011. Elín R. Líndal leggur fram eftirfarandi bókun við þennan lið. „Fulltrúar B-listans munu leggja fram tillögu um áfangaskipta viðbyggingu v/íþróttamiðstöð við gerð fjárhagsáætlunar árið 2011, þar sem verður gert ráð fyrir líkamsræktarsal og áhaldageymslu, sem losar um leið rými sem nýtt verði til að bæta aðstöðu fólks með sérþarfir.“
3. Málefni Íþróttamiðstöðvarinnar á Hvammstanga. Lagðar fram tillögur um breyttan opnunartíma í íþróttamiðstöð. Sumaropnun. opið frá kl: 7-21 á virkum dögum og frá kl 10-18 um helgar. Vetraropnun opið mánudaga-fimmtudaga frá kl. 7-9 og frá 16-21:30, á föstudögum frá kl. 7-9 og 16-19, um helgar kl. 10-14. Vetraropnun í íþróttahúsi almennir tímar verða frá kl. 19-21:30 mánudaga-fimmtudaga og um helgar frá kl. 10-14. Grunnskóli annast rekstur íþróttamiðstöðvarinnar frá kl 9-14 yfir vetrartímann. Byggðarráð samþykkir ofangreindar tillögur samhljóða. Sveitarstjóra og formanni byggðarráðs er falið í samráði við íþrótt-og tómstundafulltrúa að ganga frá vaktaplani starfslýsingum og ráðningarsamningum í samræmi við samþykktina. Elín R. Líndal lagði fram eftirfarandi bókun. „, Samþykki framangreinda tillögu en geri fyrirvara við upphæðir sem gert er ráð fyrir að sparist þar sem ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka hjá Grunnskóla Húnaþings vestra, sem tekur íþróttamiðstöðina yfir frá kl. 9-14 virka daga yfir veturinn.“
4. Rjúpnaveiði haustið 2010. Lögð fram tillaga um að reglur um rjúpnaveiði verði óbreyttar frá fyrra ári nema að því leyti að bannað verður að veiða á veiðisvæði þrjú, sem er Engjabrekka, Ytri-Vellir og Kirkjuhvammur. Tillagan samþykkt samhljóða. Lögð fram tillaga um gjaldskrá fyrir rjúpnaveiðileyfi árið 2010 verði kr. 5.000 á hvert svæði fyrir veiðimenn sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra og kr. 7.500 fyrir aðra. Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum. Elín R. Líndal greiðir atkvæði gegn tillögunni vegna tvískiptingar gjaldsins.
5. Lagt fram til kynningar fundarboð á fund sveitarstjórnarmanna með alþingismönnum Nv-kjördæmis sem haldinn verður á Blönduósi þriðjudaginn 26. október n.k. kl.13:00.
6. Lögð fram til kynningar dagskrá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2010 sem fram fer 14. og 15. október n.k.

7. Lagt fram til kynningar fundarboð á ársfund Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem haldinn verður 13. október 2010. Sveitarstjórnarmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15: 50

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal. .

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari